

REGLUGERÐ

um skoðunargjald ökutækja.

1. gr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls, sem færa ber til almennrar skoðunar, ber eiganda að greiða 880 króna árlegt skoðunargjald til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra), þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skráð.

Gjald þetta greiðist fyrirfram og er gjalddagi þess 1. janúar, en eindagi 1. apríl. Eigi skal framkvæma skoðun bifreiðar eða bifhjóls nema sönnur séu færðar á að skoðunargjald hafi verið greitt fyrir viðkomandi gjaldár.

2. gr.

Sama skoðunargjald og greinir í 1. gr. skal greiða fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls við skráningu, svo og fyrir skoðun við umskráningu hafi skoðunargjald vegna ökutækis eigi þegar verið greitt á árinu.

3. gr.

Fyrir árlega skoðun létts bifhjóls skal greiða 220 krónur í skoðunargjald.

4. gr.

Fyrir skoðun tengivagns eða festivagns, sem færa ber til almennrar skoðunar, skal greiða 880 króna árlegt skoðunargjald.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 22. gr. umferðarlaga, nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. janúar 1987.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um skoðunargjald ökutækja, nr. 455 18. desember 1986.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. desember 1986.

F.h.r.

Þorsteinn Geirsson.

Hjalti Zóphóníasson.